

Rafmagnsveitur ríkisins

UMHVERFISRANNSÓKNIR VIÐ LAGARFLJÓT
VII
Könnun á jarðvegi láglandissvæða

Skýrsla samin af
RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNADARINS
Bjarni Helgason
Grétar Gudbergsson

Reykjavík, 1977

Rafmagnsveitur ríkisins

UMHVERFISRANNSÓKNIR VIÐ LAGARFLJÓT
VII
Könnun á jarðvegi láglandssvæða

Skýrsla samin af
RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNADARINS
Bjarni Helgason
Grétar Guðbergsson

Reykjavík, 1977

KÖNNUN Á JARÐVEGI LÁGLENDISSVÆÐA
UMHVERFIS LAGARFLJÓT.

Inngangur.

Könnun sú á jarðvegi láglandissvæða umhverfis Lagarfljót og fjallað er um í ritgerð þessari fór fram árin 1975 og 1976. Tilgangur þessarar könnunar var að meta ástand jarðvegsins og gæði vegna áætlana um breytingar á vatnsborði Lagarfljóts í tengslum við Lagarfljótsvirkjun. Af þessum sökum var farið um öll svæðin og jarðvegur þeirra skoðaður og er útbreiðsla hinna ýmsu jarðvegsgerða sýnd á meðfylgjandi kortum. Jafnframt fylgja hér með lýsingar á hinum einstöku jarðvegssniðum og niðurstöðum þeirra efnagreininga, sem gerðar voru í því sambandi.

Eitt þeirra svæða, er kanna skyldi var Dagverðargerðisnes, en sumarið 1976, þegar síðari hluti þessarar könnunar fór fram, var Dagverðargerðisnesið að mestu leyti þegar komið undir vatn. Könnun þess varð þó ekki lokið og er lýsingu þess því sleppt hér. Rétt er þó að benda á, að Dagverðargerðisnesið er um margt líkt Finnsstaðanesi, sem er hinum megin við Lagarfljótið og litlu ofar. Ritgerð þessi fjallar því fyrst og fremst um jarðveg í Finnsstaðanesi, Egilsstaðanesi, Vallanesi, Bessastaðanesi og Klausturnesi.

Yfirlit.

Jarðvegur allra þeirra láglandissvæða, sem hér voru rannsökuð, er mjög mótaður af framburði þeirra vatnsfalla, er um svæðin renna, og sveiflum á vatnsborði þeirra. Segja má að um tvær höfuðandstæður sé að ræða varðandi myndun þessa jarðvegs. Annars vegar er þar, sem land hefur hlaðizt tiltölulega hratt upp og nálgast að vera einhverskonar "stein-efna" jarðvegur (míneralskur, andstæða við lífrænn eða torfkenndur). Hins vegar er land, sem hlaðizt hefur upp smátt og smátt vegna óshólma-myndunar og því upprunalega gróið með einhvers konar sefgróðri. Í heild má segja það, að jarðvegur umræddra láglandissvæða spanni allt bilið milli þessara tveggja andstæðna.

Jarðvegur þessara svæða er í heild vatnsdrægur og vatnsheldinn og þornar víða seint og illa, þá hann blotnar upp. Reglubundin vatnsborðshækkun eins og um hefur verið rætt hlýtur því að spilla bæði ræktunarmöguleikum og gróðurlendi. Verðmætasta landið í þessu tilliti er Egils-

staðanesið, Vallanesið, Bessastaðanesið og Klausturnesið. Þessi lönd eru jafnframt í betra lagi frjósöm, ef tekið er tillit til efnaástands.- Vallanesið virðist einna best stöðugt, ef til vatnsborðshækkunar kemur.

Dagverðargerðisnesið og Finsstaðanesið eru hins vegar þau lönd, sem erfitt er að rækta, nema á smáblettum, við núverandi kringumstæður, vegna þess, hve flatlend og votlend þau eru. Vatnsborðshækkun þýðir gagnvart þessum tveimur nesjum, að hluti þeirra verður varanlega undir vatni, þ.e. sá hluti, sem nú er blautastur, en aðrir hlutar þeirra svo blautir, að þeir verða ekki nytjaðir framar.

Vallanes.

Vallanes virðist að miklum eða mestum hluta vera gott ræktunarsvæði og bjóða upp á mikla ræktunarmöguleika, ef viðeigandi jarðvinnslu og ræktunaraðferðum er beitt. Að mestum hluta verður að telja jarðveg þurr á nesinu, enda þótt ýmis merki um takmarkaða loftun eða loftfirrð megi sjá, þegar jarðvegssniðin eru grandskoðuð.

Jarðvegsyfirborð er yfirleitt þýft og virðist ummál þúfnanna verða meira eftir því sem varanlegt rakastig jarðvegsins vex. Þó virðist um einhvern vendipunkt að ræða í þessu, því að mjög dregur úr þúfnamyndun þar, sem jarðvegur er varanlega rakamettaður. Þúfur þessar geta orðið allt að 2 metrar í þvermál.

Allvíða á nesinu er að finna vatnsuppistöður eða kíla, en athyglisvert er, hve landið er yfirleitt þurrt í kringum kíla þessa.

Nokkrar niðurstöður efnagreininga benda til, að jarðvegur í Vallanesi muni vera frjósamur í betra lagi, ef undan er skilið hið eiginlega mýrlendi. Sérstaklega er athyglisvert, hve mikið er af umskiptanlegu kalsíum í jarðveginum. Sýrustig (pH) er því jafnframt hagstætt flestum gróðri. Mýrlendið, sem sniðlýsingar nr. V-14 og nr. V-15 eiga við, er hins vegar miklum mun lakara en þurrlendið í þessu tilliti, en þó ekki lakara en gengur og gerist um áþekkan jarðveg austanlands.

Í Vallanesi voru skráðar lýsingar á 16 jarðvegssniðum og víðátta hvers svæðis, sem viðkomandi sniðlýsing gat átt við var könnuð. Sameiginlegt öllum þessum jarðvegssniðum er ljósa öskulagið frá Öskjugosinu 1875. Þetta öskulag er að öllum jafnaði mjög skýrt afmarkað og samfellt, þótt misdjúpt mælist niður á það, - allt frá 4 cm undir yfirborði í sniði nr. V-1 niður í 16 cm eins og í sniði nr. V-9. Þykkt þessa öskulags er sérstaklega jöfn, eða því sem næst 1 cm, ef undan er skilið snið nr. V-5, þar sem öskulagið er meira og minna sundurslitið.

Þurrlendisjarðvegurinn á Vallanessvæðinu er allur mjög mélu- borinn og að mestu án nokkurrar samkornabyggingar, sem máli skiptir. Loftrými í slíkum jarðvegi er jafnan mjög takmarkað og rakahreyfingar allar mjög hægfara, þegar slíkur jarðvegur hefur náð að blotna. Því má sjá einkenni um meiri og minni loftfirrð og slæma innri vatns- miðlun í mörgum þessara sniða. Einkennin eru gul- og grábrúnn litur í jarðvegssniðinu, einkum neðan til, -sumsstaðar með óreglulegum ryð- blettum, en þó svo stórum, að greinilegt er, að loftháð skilyrði geta skapast í jarðveginum öðru hvoru. Merki um þetta er m.a. að sjá í sniðum nr. V-1, V-2, V-3, V-4, V-7, V-8 og V-9.

Tvö síðastnefndu jarðvegssniðin eru mjög leirborin auk málunar. Þetta hvorutveggja veldur því, að þarna er um miklu vatnsdrægnari og vatnsheldari jarðveg að ræða en í fyrri sniðunum. Snið nr. V-14 er mjög líkt þessum tveimur sniðum, enda þótt einhverra grófra áhrifa af völdum lárennslis virðist gæta þar í yfirborði. En segja má, að þessi þrjú síðastnefndu jarðvegssnið, þ.e. nr. V-8, V-9 og V-14 myndi eins konar jaðarjarðveg milli hinna eiginlegu blautu torf- eða svarðarmýrar (snið nr. V-15 og V-16) annars vegar og rak- og þurrlendis hins vegar.

Svarðarmýrin, sem hér er að finna (snið nr. V-15 og V-16) virðist að einhverju leyti vera leir- og málublandin. Er þetta mjög áberandi í sniði nr. V-15 og þar vafalítið um áhrif lárennslis að ræða. Snið nr. V-16 er hins vegar bæði torfkenndara og þykkara en snið nr. V-15 og gæti hafa verið gömul vatnsuppistaða, sem með tímanum hefur fyllzt gróðri. Þetta er eina jarðvegssniðið í Vallanesinu, þar sem sjá mátti greinilegt lag mýrarrauða jafnframt því, sem einstöku ryðblettir kringum rotnandi rætur sáust, en þó fyrst og fremst kringum holur eftir jarðstöngla mýrarelftingarinnar. Þess ber að geta, að ryðblettir af þessum orsökum eru samt ekki alveg einskorðaðir við tvö síðastnefndu

sniðin. Ryðbletti af svipuðum orsökum má einnig sjá neðan til í sumum jarðvegssniðanna, sem til þurrlendis teljast, þar sem loftfirrðar hefur gætt að einhverju leyti. Þykkt mýrarrauðalagsins bendir til lítilsháttar sveiflna í annars varanlegu vatnsborði þessa jarðvegssniða, sem sameiginlegt báðum síðasttöldu sniðunum er geysileg vatnsheldni og vatnsdrægni.

Egilsstaðanes.

Egilsstaðanes hefur að langmestu leyti verið "lagt undir plóg" og ræktað. Því er erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir hinni raunverulegu jarðvegsgerð og hvernig hún hefur mótast í upphafi. Þó má ætla, að snið nr. E-2, E-3 og E-4 gefi verulegar vísbendingar í þá átt, þótt víðátta hvers og eins verði ekki metin fyllilega.

Jarðvegur þessara sniða svo og í sniði nr. E-1 er í heild mjög samkynja. Þetta bendir til að mismunandi há grunnvatnsstaða, sem háð er fjarlægð frá fljótinu og hæð landsins, hafi verið mestur áhrifa-valdur varðandi gróðurfar og gróðurskiptingu í nesinu.

Árennslis gætir mjög víða og mikið, enda er Egilsstaðanesið bæði lægra og nær útfalli Lagarfljóts en Vallanesið. Miðað við þau jarðvegs-snið, sem rannsókuð voru, bendir allt til, að innbyrðis andstæður hafi verið miklar í jarðvegssniðum Egilsstaðaness áður en þeim var bylt. Þar hafa annars vegar skipzt á lög með mjög fínkorna sandi og hins vegar mjög leirborin lög.

Öskulagið frá Öskjugosinu 1875 kemur alls staðar fram á sama hátt og í Vallanesinu. Neðri hluti allra jarðvegssniðanna er mjög rakur og bendir litur þeirra til, að um mjög stöðuga loftfirrð sé að ræða. Merki þessa koma strax fram í 12 cm dýpt í sniði nr. E-3, en í hinum sniðunum í um og yfir 40 cm dýpt. Þó sker snið E-5 sig úr, en það snið liggur lægra miðað við vatnsborð fljótsins en hin sniðin. Þetta snið reyndist rennandi blautt á athugunartímanum og mældust aðeins um 40 cm niður á yfirborð grunnvatnsins. Grunnvatnsstaða og áhrif af völdum loftfirrðar hafa þó eitt-hvað verið breytileg og ná tvímælalaust herra á stundum, þar eð ryðblettir koma strax fram 3 cm undir yfirborði jarðvegsins.

Jarðvegur þessara sniða allra er sennilega aðeins miðlungi raka-heldinn og tiltölulega gleypur, meðan hann er ósnortinn, en getur orðið mjög þéttur, eins og snið nr. E-1 bendir til, ef honum er eitthvað

bylt um. Snið nr. E-1 er athyglisvert einnig vegna þeirrar samkorna-
byggingar, sem fram kemur í efsta hluta þess, og má vera, að ræktun
túngrasanna eigi þar einhvern hlut að máli.

Niðurstöður efnagreininganna úr þessum jarðvegssniðum gefa ekki
tilefni til sérstakra athugasemda. Rétt er þó að vekja athygli á,
að þeir þættir, sem mældir voru, eru mjög hagstæðir flestum gróðri.

Finnsstaðanes.

Að óathuguðu máli mætti ætla að Finnsstaðanes væri beint framhald
Egilsstaðaness og aðeins slitið frá því af völdum Eyvindarár.
Þó virðist það eingöngu árbakkinn sjálfur og smátungur frá honum, sem
telja má framhald Egilsstaðaness. Að öðru leyti er myndunarsagan
frábrugðin.

Þegar betur er skoðað, sést, að í Finnsstaðanesi er blaut torfmýri
eða flói næst ásunum, og stendur vatn þar meira og minna uppi, sbr.
snið nr. F-3 og F-4, einkum á milli þúfna. Á athugunartímanum vætlaði
vatn úr hverju spori, þegar stiklað var á þúfnakollunum. - Yfirborð
landsins er heldur smápýft í samræmi við eðli og rakastig landsins, og
mýrarrauði er algengur þarna á og í yfirborði þess.

Á nokkrum stöðum getur enn að líta smáa stararflóa, sem ætla má,
að hverfi með tímanum í samræmi við myndunarsögu þess mýrlendis. En
mýrin í Finnsstaðanesi hefur myndast þannig, að innan við sandrif á
mótum Eyvindarár og Lagarfljóts hefur skapað uppistöðulón, sem
smám saman hefur fyllt af gróðri og fíngerðu vatnaseti, þegar árnar
tvær hafa flætt yfir.

Finnsstaðamýrin þornar lítilsháttar, þegar nær ánni kemur. Jarð-
vegur verður meira blandaður árennsli, sem jafnframt er grófara en
ofar í mýrinni, sbr. snið nr. F-2, og því ekki jafn rakaheldinn og þar,
sem torfið er mest. Þúfur verða jafnframt fyrirferðarmeiri við þessi
jarðvegs- og rakaskilyrði, bæði að ummáli og hæð.

Næst ánum eru svo bakkarnir þurrir, sand- og mélublandaðir, sbr.
snið nr. F-1, smápýfðir sumsstaðar og víða vel fallnir til nytja. Virðist
þar hvorutveggja koma til greina, beit eða sem áborið slægjuland, enda
þótt bakkarnir kunni að reynast full vætukeindir í rigninga- og flóða-
tíð. En flóa-eðli hinnar eiginlegu mýrar og hæð hennar yfir vatnsborð
fljótsins er slík, að útilokað virðist að fást þarna við raunhæfa land-
þurrkun, þannig að um gott nytjaland verði að ræða.

Efnaástand jarðvegsins endurspeglar vel legu landsins, þannig að útskolunaráhrif af völdum vatns eru veruleg. Sést þetta best á tiltölulega lágu kalsíum magni og er mest áberandi í sniði nr. F-3, en í því sniði er magn efnanna þriggja, kalsíum, magnesíum og kalíum, í 5-10 cm jarðvegsdýpt mjög lágt miðað við aðrar niðurstöður í þessari könnun.

Bessastaðanes og Klausturnes.

Bessastaðanes og Klausturnes mynda samfellda heild, allt frá láglandinu neðan Hengifossár upp að Valþjófsstaðanesi. Jarðvegur er þó ekki með öllu eins á svæðinu.

Á miðhluta svæðisins gætir mikilla áhrifa frá Bessastaðaá þar, sem hún hefur hlaðið upp mikla árkeilu. En jafnframt hefur áin valdið eins konar óshólmamyndun þar, sem hún fellur út í Lagarfljótið. Þannig virðast hafa myndast uppistöðulón, sem smám saman hafa fyllzt gróðri, svo að þar eru nú mýrlendi,- torf, sem er mikið blandað mélu- og leir-kenndu árennsli, sbr. snið nr. S-4 og S-5. Athyglisvert er í sniði nr. S-4, hve kalsíum er lágt í efsta laginu og eru það að sjálfsögðu áhrif vatnsútskolunar, enda hriplekt vikurlagið frá Öskju 1875 þar næst undir. Inni á milli er þó meira sandborið sbr. snið nr. S-18. Í sniði nr. S-5 eru aðeins um 15 cm niður á reglulegt vatnsborð.

Ómögulegt er að sjá, hve lengi Bessastaðaáin hefur fylgt núverandi farvegi sínum, en ljóst virðist, að hann hafi breytt nokkuð, eftir því sem árkeilan hefur hlaðizt upp. Efsti hluti keilunnar er grýttur og gróðurlaus en neðar fjarar hún út í fínna efni, þar sem myndast hefur smápýfður móajarðvegur. Að hluta til virðist móajarðvegur þessi allvel ræstur og þurr, enda tiltölulega grunnt niður á mól, sbr. snið nr. S-10. Þó benda snið nr. S-8 og S-9 til allverulegs raka grunnt undir jarðvegs-yfirborðinu. Í sniði S-8 má enn fremur sjá augljós einkenni um sveiflu-kennda vatnsborðsstöðu í aðeins um 3-7 cm dýpt. Sama má og segja um snið nr. S-9, þótt það sé allt miklu blautara.

Á milli þeirra jarðvegsgerða, sem snið nr. S-8, S-9 og S-10 standa fyrir annars vegar og snið nr. S-4 og S-5 hins vegar, eru snið nr. S-6 og S-7, en þau eru í rauninni af svipuðum toga spunnin. Trúlegt er, að þar hafi verið allstórt sandrif í upphafi, mótað af sameiginlegum framburði ána. Jarðvegur þessara tveggja sniða er sendinn og byggður

upp af mörgum árennslislögum, þannig að vikurlagið frá Öskjugosinu 1875 er hér að finna í rúmlega 30 cm dýpt. Framan við þetta sandrif hefur svo fyrrum uppistöðulónið verið, sem snið nr. S-4 og S-5 standa fyrir.

Hengifossá myndar aðra en miklu minni árkeilu. Jarðvegur (snið nr. S-1 og S-2) í henni er frábrugðinn því, sem er í árkeilu Bessastaða-ár að því leyti, að um sendnari jarðveg er að ræða svipað og er í sniðum nr. S-6 og S-7, en þó miklu rakari. Vatnsstaða er mjög há í þessum hluta landsins. Þannig má sjá merki um vatnsborðssveiflur strax í 5 cm dýpt í sniði nr. S-1. Og þarna eru aðeins um 60 cm niður á grunnvatnsborðið og það aðeins í um 10 metra fjarlægð frá djúpum framræsluskurði. Hins vegar virðast þessar vatnsborðssveiflur ekki valda neinni útskolun efna.

Í sniðum nr. S-2 og S-3 er enn grynna niður á varanlegt vatnsborð og verður jarðvegur þar miklu torfkenndari. Í sniði nr. S-3 er torfið leirborið og hefur það greinilega myndast í uppistöðulóni, sem náð hefur að gróa upp í straumhléi frá odda sjálfrar árkeilunnar.

Snið nr. S-18, sem er neðan við bæinn Mela, tilheyrir þessari árkeilu að einhverju leyti, og er þar um að ræða torf blandað árennslislögum af allbreytilegri kornastærð.

Ef farið er frá þessum hluta svæðisins yfir á hinn enda þess, þ.e. Klausturnesið, verður að álíta, að myndunarsaga þess í heild sé mjög svipuð og myndunarsaga Finnsstaðanessins. - Klausturnesið er lágt, flatt og votlent. Þurrast er það á fljótsbökkunum, einkanlega er kemur næst Valþjófsstaðanesi.

Snið nr. S-11 er næst Bessastaðárkeilunni. Á athugunartímanum í júnílok 1977 stóð vatn víða uppi á þessum hluta landsins. Leysingavatn frá Lagarfljóti barst þá stríðum straumum inn á alla framræsluskurði, sem þarna eru, enda landið lágt og hallalaust að kalla. Jarðvegur er mjög torfkenndur og sérstaklega rakaheldinn. Gildir þetta einnig um snið nr. S-12, S-13 og S-15. Um þessi snið öll má segja, að þau líkjast að mörgu leyti sniði nr. S-4, en eru þó blautari, einkum í neðri hluta sniðanna. Í þeim sjást greinilega merki tímabundinna flóða eða vatnsborðshækkana í fljótinu, sbr. hinn torfblandaða blágráa leir neðan við Öskjulagið í sniði nr. S-12, sbr. niðurstöðu efnagreininga.

Snið nr. S-14 er næst Valþjófsstaðanesi og liggur nokkuð hærra en önnur snið á þessu svæði. Þar er um að ræða þurran og smáþýfðan móa, sem byggzt hefur upp af fjölmörgum árennslis- og öskulögum. Athyglisvert er í þessu sniði, hve rótarkerfi frumgróðursins er grunnstætt, en fátt er um rætur neðan við 5 cm jarðvegsdýpt. Þá eru merki um takmarkaða loftfirrð, þ.e. ryðblettir, sýnileg neðan við 18 cm en þau verða mjög áberandi í 30-45 cm dýpt.

Snið nr. S-16, S-17 og S-19 eru öll úr blautri torfmýri, þar sem dýpt rótarkerfisins er að töluverðu leyti bundin við vikurlagið frá 1875 og þau takmörkuðu loftháðu gróðurskilyrði, sem það hefur skapað.

Lýsing jarðvegssniða.

Vallanes.

Snið V-1

- 0- 4 cm Dökk brúnt (10 YR 3/3) Rótarmotta. Engin samkornabygging, plastískt og blautt. Sandur og méla.
- 4- 5 cm Gosaska (Askja 1875).
- 5- 8 cm Dökk brúnt (10 YR 3/4). Aðeins límkennt, plastískt, blautt. Méla. Gróf plötulaga kornabygging.
- 8-40 cm Dökk gulbrúnt (10 YR 4/3) Lagskipt árennsli með ryðblettum. Gróf plötulaga kornabygging. Finn sandur. Lifandi rætur ná niður í 15 cm dýpt. Einstaka rætur niður í 23 cm dýpt.
- 40 cm og neðar. Svart (2,5 YR 4/0) Rakur grófur sandur.

Snið V-2 Þúfur stærri en V-1 og snið allt rakara en að öðru leyti eins og V-1.

Snið V-3 Efsta lag sandblandin méla. Öskulag (Askja 1875) í 10 cm dýpt. Snið þurrara en V-1 og V-2, en að öðru leyti eins.

Snið V-4

- 0- 3 cm Dökk grábrúnt (10 YR 4/2) Fínsendin rótarmotta.
- 3- 7 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Fínkennt og plastískt. Méla.
- 7- 9 cm Öskulag (Askja 1875).
- 9-16 cm Dökk brúnt (10 YR 2/2) Mjög límkennt. Méla.
- 16-36 cm Dökk gulbrúnt (10 YR 4/4) Mjög límkennt. Leirborin méla.
- 36-39 cm Grófur sandur.
- 39-47 cm Dökk gulbrúnt (10 YR 4/4).
- 47 cm Hnullungamöl.

Snið þurrt í heild. Rætur ná allt niður undir mól. Ryðblettir ekki sjáanlegir.

Snið V-5

- 0- 4 cm Dökk rauðbrúnt (5 YR 2/2) Rótarmotta. Vikur og mélublandin. Límkennt, plastískt.
- 4- 5 cm Öskulag (Askja 1875) Óreglulegar og slitnar linsur.
- 5- 8 cm Dökk rauðbrúnt (5 YR 2/2) Límkennt, plastískt. Sandblönduð méla.
- 8-21 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Mjög límkennt, plastískt. Méla, aðeins leirblandað
- 21-24 cm Svart öskulag - kornastærð:sandur.
- 24-31 cm Mjög dökk grábrúnt (10 YR 4/4) Mjög límkennt, plastískt. Mjög leirborin méla.

- 31 cm Ljós öskudreif.
- 31-34 cm Mjög dökk grábrúnt (10 YR 4/3) Mjög límkennt, plastískt. Mjög leirborin méla.
- 34 cm og neðar. Grófur sandur.
Snið í heild þurrt, engir ryðblettir. Yfirborð þýft og þúfur þéttar.

Snið V-6

- 0-12 cm Sendið (10 YR 4/2).
- 12 cm og neðar Sjá snið V-4.

Snið V-7

- 0-2.5 cm Dökk brúnt (10 YR 3/4) Plastískt.Méla.
- 2.5- 3 cm Dökkt lag, sennilega svarðarlag.
- 3-14 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2); Plastískt, aðeins límkennt; Leirblandin méla, stöku sandkorn. Mikið af rótum. Vottur af ryðblettum.
- 14-14.5cm Gosaska (Askja 1875).
- 14.5-18cm Gamall svörður, dökkbrúnn.
- 18-23 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2), aðeins límkennt, finsendið. Ryðblettir. Í þessari dýpt eru nokkur árennslislög.
- 23-46 cm Dökk brúnt (19 YR 3/4) Plastískt og límkennt. Leirborin méla. Ryðblettir.

Snið V-8

- 0- 3 cm Límkennt, plastískt og leirkennt; rakt; ryðblettir.
- 3- 4 cm Dökkt sbr. snið 7. Gamalt svarðarlag.
- 4- 9 cm Méla, örlítið leirkennt, rakt.Ryðblettir.
- 9-11 cm Dökkt (svarðarlag?), plastískt. Límkennt og leirborið. Rakt. Ryðblettir.
- 11-12 cm Gosaska (Askja 1875).

Rætur ná að vikurlaginu en lítið um þær neðar.

Snið V-9

- 0-15 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Mjög plastískt og leirborið. Blautt.
- 15-16 cm Gosaska (Askja 1875).

Snið V-10

- 1-2.5 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Plastískt, límkennt. Mjög veik mola bygging. Méla.
- 2.5-3 cm Gamalt svarðarlag.
- 3-11 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Plastískt. Mjög veik mola bygging. Leirkennt méla.
- 11-13 cm Gosaska (Askja 1875).
- 13-40 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Plastískt, límkennt. Leirkennt og mélublandað. Veik plötulaga samkornabygging.

Snið V-13

- 0-16 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2), grófsendið. Engin samkornabygging.
- 16-17 cm Gosaska (Askja 1875).
- 17-75 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Engin samkornabygging, fínsendið, árennslislög grófsendnari. Einstaka rætur ná í 30 cm dýpi.

Snið V-14

- 0- 5 cm Svartur svarðarlitur. Gróf plötulaga samkornabygging. Rakt og leirkennt með grófum sandkornum.
- 5- 6 cm Gosaska (Askja 1875).
- 6 cm og dýpra. Mjög leirkennt. Gróf plötulaga samkornabygging. Rætur ná í 20 cm dýpt.

Snið V-15

- 0- 3 cm Dökk brúnt. Rótarmotta.
- 3- 4 cm Gosaska (Askja 1875).
- 4-11 cm Dökk brúnt (7.5 YR 3/2) Plastískt. Aðallega torf með mélu. Blautt.
- 11-18 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Lífrænt. Blautt, plastískt, méluborið.
- 18-23 cm Svart (7.5 YR 2/0) Svart öskulag, fínsendið. Rennandi vatn.
- 23-25 cm Dökk brúnt. Gamall svörður.
- 25-50 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Leirbórið. Rennandi vatn.

Snið V-16

- 0- 4 cm Svarðarbrúnt (5 YR 2/1) Rótarmotta.
- 4- 9 cm Rauðbrúnt (10 YR 4/2) Órotið torf. Rennblautt. Ryðblettir umhverfis rætur.
- 9-10 cm Gosaska (Askja 1875).
- 10-30 cm og neðar. Mjög dökk brúnt. Órotið, rennblautt torf.

Egilsstaðanes.

Snið E-1 Ræktað tún, sáðslétta.

- 0-18 cm Mjög dökk brúnt (10 YR 2/2). Umbylt og mjög öskublandið. Jarðvegsbygging er nokkur, molar í efstu 6 cm og plötulaga neðar. Límkennt og plastískt. Fínsendið og méla. Rætur ná í 18 cm dýpt.
- 18-38 cm Dökk brúnt (10 YR 4/3). Mjög límkennt, mélublandinn leir. Rakt.
- 38-43 cm Dökk brúnt (10 YR 4/3). Límkenndara og finna en næsta lag ofan við, að öðru leyti eins. Rakt.
- 43-46 cm Mjög dökk grátt (10 YR 3/1), límkennt, plastískt. Mélublandinn leir.
- 46 cm og neðar. Dökk gulbrúnt (10 YR 4/4). Leir. Rakt. Jarðvegur þéttur og rakur í þessu sniði.

Snið E-2

- 0- 2 cm Rótarmotta.
- 2-14 cm Svart (5 YR 2/1). Grófsendið.
- 14-15 cm Gosaska (Askja 1875).
- 15-42 cm Mjög dökk grátt (10 YR 3/1). Plastískt, mjög límkennt. Méla. Talsvert um árennslislög.
- 42 cm og neðar. Dökk rauðbrúnt (5 YR 3/3). Litur sennilega einkenni um stöðugan raka. Plastískt og mjög límkennt. Leirborin méla. Samkornabygging gróf, plötulaga nema í rótarmottu, þar er hún veik molabygging.

Snið E-3 Þýfður hrísmói.

- 0- 3 cm Svart (5 YR 2/1) Rótarmotta.
- 3- 4 cm Gosaska (Askja 1875).
- 4- 9 cm Svart (5 YR 2/1) Sennilega gamalt svarðarlag, mikið af rótum í því. Límkennt. Fínsendið og méla.
- 9-12 cm Svart fínsendið öskulag.
- 12-30 cm Dökk rauðbrúnt (5 YR 3/2) Fínsendið. Árennslislög (eða öskulög).
- 30 cm og neðar. Dökk rauðbrúnt (5 YR 3/2) Litur þessa lags og næsta ofan við bendir til stöðugs raka. Plastískt og límkennt. Fínsendið, mélublandið.

Snið E-4 Víði-og hrísmóar.

- 0- 7 cm Mjög dökk grábrúnt (10 YR 3/2) Rótarmotta. Samkornabygging er veik grjónabygging.
- 7- 8 cm Gosaska (Askja 1875).
- 8-32 cm Mjög dökk grábrúnt (10 YR 3/2) Fremur plastískt. Límkennt. Sendin méla. Rætur ná aðallega í 25 cm dýpt.
- 32-36 cm Svart öskulag. Finn sandur.
- 36 cm og neðar. Dökk brúnt (10 YR 3/4) Mjög plastískt og límkennt. Mjög fínsendið og mélublandið. Mjög rakt.

Snið E-5 Samskonar jarðvegur og E-4, en landið liggur lægra og er rennandi blautt í yfirborði. Ryðblettir sýnilegir neðan við 3 cm. Grunnvatns-yfirborð er í tæplega 40 cm dýpt.

Finnsstaðanes.

Snið F-1

0- 2 cm Dökk brúnt (7.5 YR 3/2) Rótarmotta. Engin samkornabygging.
2- 8 cm Dökk brúnt (7.5 YR 3/2) Aðeins límkennt, plastískt. Mélublandað, mjög þunn árennslislög. Mjög torfkennt. Engin samkornabygging. Blautt.
8- 9 cm Gosaska (Askja 1875).
9-39 cm Dökk brúnt (10 YR 3/3) Plastískt. Sendið, mörg árennslislög. Blautt.
39 cm og neðar. Dökk brúnt (7.5 YR 3/2) Sendið, árennslislög. Mjög rakt. Einstaka rætur ná í 10 cm dýpt.

Snið F-2 Mjög leirblandað torf.

Snið F-3 Snið í rennblautri mýri. Tekið í þúfnakolli. Vatn stendur uppi milli þúfna.

0- 5 cm Rótartrefjar.
5-10 cm Dökk rauðbrúnt (5 YR 2/2). Leirblandað torf með árennslislögum.
10-12 cm Gosaska (Askja 1875). Vatn rennur úr öskulaginu.
12-40 cm Dimmrautt (2.5 YR 3/2) leirblandað torf með árennslislögum.
40-43 cm Svart öskulag.

Snið F-4

0- 9 cm Dökk rauðbrúnt (5 YR 2/2). Laust rótar- og torflög.
9 cm og neðar. Dimmrautt (2.5 YR 3/2) leirblandað torf.

Bessastaðanes og Skriðuklaustur.

- Snið S-1 Tún. Grös eru sveifgrös, túnvingull, vallarsveifgras og hvítsmári.
- 0- 3 cm Rótarmotta.
- 3-13 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Sendið. Meginhluti róta nær ekki niður fyrir 13 cm dýpt, en einstaka ratur þó í 20 cm dýpt. Mýrarrauðablettir koma fram í 5 cm dýpt.
- 13-60 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Ryðblettir koma fram. Önnur lagskipting ekki sýnileg. Grófsendið; engin samkornabygging. Grunnvatnsyfirborð í 10 m fjarlægð frá skurði í 60 cm dýpt.
- Snið S-2 Fínsendið, engin samkornabygging; 30-40 cm dýpt á grunnvatn.
- Snið S-3 Leirborið torf; 10-20 cm dýpt á grunnvatn.
- Snið S-4
- 0- 1 cm Rótarmotta. Engin samkornabygging.
- 1- 3 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Torf; engin samkornabygging.
- 3-11 cm Mjög dökk brúnt (10 YR 4/2) Blautt og torfkennt, blandað mélu og leir. Ryðblettir aukast eftir því sem neðar dregur í sniðinu.
- 11-18 cm Gosaska úr Öskjugosinu 1875. Grasratur ná niður í öskulagið
- 18 cm og neðar. Dimm rautt (2.5 YR 3/2), blautt, ryðblettir áberandi. Sveigjanlegt (plastískt), ekki límkennt. Méla, lítilsháttar sendin.
- Snið S-5 Óræktarbakki næst fljóti. Allt sniðið rennandi blautt. 15 cm dýpt á rennandi vatn.
- 0- 3 cm Rótarmotta, mjög dökk brún (10 YR 2/2).
- 3-30 cm Dimm rautt (2.5 YR 3/2) Torf blandað árennsli. Leir og méla, nokkuð sandborið.
- Snið S-6 Óhreyft land við túnjaðar.
- 0- 4 cm Mjög dökk brúnt (10 YR 2/2). Engin samkornabygging, fínsendið.
- 4-34 cm Dökk brúnt (10 YR 3/2) Árennsli slög, sendin. Ratur ná í 12 cm dýpt, fáar dýpra.
- 34-40 cm Gosaska úr Öskjugosinu 1875. Mikið skordýralíf í þessu sniði, aðallega rauðar og svartar bjöllur.
- Snið S-7 Veik grjónabygging í efsta hluta, líkist S-6 að öðru leyti.

Snið S-8 Smápýfður mói.

- 0- 3 cm Rótarmotta. Dökk brún (10 YR 3/2) Samkornabygging sem fín-gerð grjón.
- 3- 7 cm Dökk brúnt (10 YR 3/3) Rótartorfa. Mélu og leirblandið. Merki um sveiflukenna vatnsstöðu.
- 7- 9 cm Gosaska (Askja 1875). Mjög ryðblandað.
- 9-22 cm Mjög dökk brúnt (10 YR 2/2) Mikið ryð efst, ryðblandið neðar.
- 22 cm og neðar. Dökk brúnt (10 YR 3/2) Torfkennt en mikið blandað mélu og nokkrum leir. Jarðvegur í þessu sniði er allur plastískur, lítið límkenndur. Ratur ná niður í 13 cm dýpi. Lítið um ratur neðar.

Snið S-9 Eins og snið S-8, en blautara.

Snið S-10

- 0- 3 cm Rótarmotta. Ratur ná niður í 15 cm dýpt. Mól í 30 cm dýpt. Sniðið er mun þurrara en S-8 og S-9. Öskulag (Askja 1875) í 7 cm dýpt.

Snið S-11

Vatn stendur meira eða minna á þessu svæði (25 júní 1977). Allir skurðir fleytifullir af jökullituðu vatni fljótsins. Vatn rennur inn á beitiland og tún. Torf í 15 cm dýpt. Jarðvegssniðið mjög líkt 4. sniði.

Snið S-12 Mjög svipað 4. og 11. sniði.

- 0- 3 cm Rótarmotta.
- 3-11 cm Torf, dökk brúnt (10 YR 3/2).
- 11-14 cm Gosaska (Askja 1875). Mýrarrauði fylgir öskulaginu að neðan.
- 14-28 cm Torf, dökk brúnt (10 YR 3/2) efst. Breytist smátt og smátt í leirblandið blágrátt torf (7.5 YR 4/0) neðst.

Snið S-13 Mjög svipað 11. sniði.

Snið S-14

- 0- 5 cm Rótarmotta. Mjög dökk brúnt (10 YR 2/2) Veik grjónabygging.
- 5- 9 cm Gosaska (Askja 1875).
- 9-19 cm Mörg árennslislög. Aðeins límkennt og plastískt. Méla með fínum sandi.
- 19 cm Ljós öskudreif.
- 19-24 cm Árennslislög. Plastískt og aðeins límkennt. Méla með fínum sandi.
- 24 cm Ljós öskudreif.
- 24-30 cm Árennslislög. Plastískt og aðeins límkennt. Méla með fínum sandi.

- 30 cm Svart öskulag.
- 31-45 cm Dökk brúnt (7.5 YR 4/2) Mjög blautt. Ryðblettir umhverfis ratur. Sandur og méla.
- 45-47 cm Dökkt.....(7.5 YR 3/0) Sendið.
- 47 cm Ljós öskudreif.
- 47-55 cm Dökkt.....(7.5 YR 3/0) Sendið.
- 55 cm Ljós öskudreif.
- 55-75 cm Dökk brúnt (7.5 YR 4/4)Sendið.
- 75 cm Mól.

Ryðblettir sjást neðan 18 cm, engir ofnar. Ryð áberandi, 30-40 cm dýpt. Ratur ná aðallega í 5 cm dýpt. Lítið um ratur neðar.

Snið S-15 Svipað 11. og 13. sniði. Torf blandið leir og grófum sandi. Rótardýpt virðist takmörkuð við Öskjulagið frá 1875.

Snið S-16

- 0- 2 cm Rótarmotta.
- 2- 6 cm Blautt torf.
- 6-10 cm Gosaska (Askja 1875) hefur fallið á þýfi - þykkt 1-8 cm.
- 10-23 cm Blautt.
- 23-34 cm Rennblautt - talsvert af ryðblettum einkum neðantil.
- 34-35 cm Svart öskulag.
- 35-45 cm Harðar járnútfellingar. Mýrarrauða gætir beggja vegna. A 1875 allt að rótarmottu.

Snið S-17 Líkt sniði S-16, en þurrara. Öskulag úr Öskju 1875 í 5-7 cm dýpi. Ratur ná ekki dýpra.

Snið S-18 Mýri neðan bæjarins Mela. Þúfur litlar um sig, en um það bil 40 cm háar.

- 0- 6 cm Rótarmotta. Plötulaga samkornabygging. 0,5-1 cm undir yfirborði er 1 cm þykkt mýrarrauðalag.
- 6-14 cm Grófur sandur.
- 14 cm og neðar. Leir og mélublandið torf með ryðblettum kringum ratur.

Snið S-19 Samsvarandi 16.sniði en torfkenndara, lítið af ryðblettum, blautt.

Nokkrir eiginleikar jarðvegs í Finnsstaða-og Egilsstaðanesi.

Snið nr.	Dýpt cm	% lífrænna leifa	sýrustig pH	meg/100 g jarðvegs, Ca	meq/100 g jarðvegs, Mg	meq/100 g jarðvegs, K
E-1	0- 5	15.30	6.25	20.7	7.52	0.80
	5-18	14.23	6.9	21.2	5.90	0.39
	18-38	10.57	7.0	16.3	6.71	0.47
E-2	2-14	10.81	5.9	12.8	2.71	0.48
	15-42	18.54	6.7	23.8	6.83	0.38
E-3	0- 3	34.91	5.8	25.1	8.79	1.40
	4- 9	28.93	6.3	22.2	7.24	0.64
	12-30	14.68	6.9	21.8	8.01	0.39
E-4	0- 7	20.52	6.2	16.6	7.10	0.82
	8-32	13.47	7.1	20.2	7.15	0.42
F-1	0- 8	23.81	5.7	11.7	5.24	0.60
	9-39	10.90	6.7	13.0	4.88	0.36
F-3	5-10	11.67	6.0	8.4	3.47	0.39
	12-20	18.53	6.6	18.0	6.89	0.35

Nokkrir eiginleikar jarðvegs í Vallanesi.

Snið nr.	Dýpt cm	% lífrænar leifar	Sýrustig pH	meq/100 g jarðvegs, Ca	meq/100 g jarðvegs, Mg	meq/100 g jarðvegs, K
V-1	0- 4	22.02	5.9	13.8	4.75	0.58
	5- 8	13.36	6.4	16.7	5.76	0.35
V-4	0- 3	10.78	6.2	14.2	5.17	0.89
	3- 7	21.67	6.15	20.4	5.93	0.64
	9-16	10.56	6.5	17.5	6.70	0.53
V-7	0-2.5	10.49	6.4	17.4	5.38	0.82
	3-14	12.05	6.35	17.1	5.52	0.29
	23-46	10.93	6.8	20.6	6.61	0.20
V-9	0-15	9.72	6.2	16.4	4.40	0.44
V-10	0-13	15.08	6.35	19.5	5.78	0.43
V-15	4-10	36.98	5.45	9.5	3.48	0.51
	11-18	23.70	5.6	9.4	3.73	0.29
	18-50 ⁺	28.03	5.6	8.1	2.95	0.23

Nokkrir eiginleikar jarðvegs í Bessastaða- og Klausturnesi.


Snið nr.	Dýpt cm	% lífrænar leifar	Sýrustig pH	meq/100 g jarðvegs, Ca	meq/100 g jarðvegs, Mg	meq/100 g jarðvegs, K
S-1	0-13	6.92	6.8	23.2	8.36	0.67
S-4	0-Askja	24.86	5.6	10.7	4.08	0.90
S-5	0-15	7.80	6.4	18.9	4.91	0.88
S-6	0-11	6.60	6.5	15.0	5.16	0.58
S-7	0- 5	14.11	5.8	15.7	5.61	0.82
	5-10	7.85	6.2	12.1	4.32	0.47
S-8	0- 9	34.07	5.6	18.7	6.47	1.02
S-12	22-28	10.49	5.1	14.5	4.83	0.47
S-14	0- 5	28.73	5.9	18.5	6.24	1.23
	9-30	14.66	6.4	14.1	4.01	0.41
S-17	0- 5	41.13	6.2	28.9	9.34	1.61
	8-12	22.64	6.55	25.1	9.42	0.35
R-1	0-45	3.0	7.0	13.1	3.01	0.44

JARÐVEGSKORT

EGILSSTAÐANES

SKÝRINGAR

 Mýrarjarðvegur illa ræstur

 Sendinn jarðvegur vel ræstur

 Sendinn jarðvegur illa ræstur








Mælikvarði (Scale) 1:10 000
100 0 100 200 300 400 500 m.

JARÐVEGSKORT

VALLANES

SKÝRINGAR

-  Mýrarjarðvegur vel ræstur
-  Mýrarjarðvegur illa ræstur
-  Móajarðvegur vel ræstur
-  Sendinn jarðvegur vel ræstur
-  Sendinn jarðvegur illa ræstur

LAGARFLJÓT

GRÍMSÁ



GRÍMSÁ


GRÍMSÁ

■ Jaðar







■ Vallanes

+ kirkja





SKÝRINGAR

-  Mýrajarðvegur illa ræstur
-  Móajarðvegur vel ræstur
-  Móajarðvegur illa ræstur
-  Sandinn jarðvegur vel ræstur
-  Sandinn jarðvegur illa ræstur
-  Grýttur jarðvegur vel ræstur

Mælikvarði (Scale) 1:10 000
100 0 100 200 300 400 500 m.

